

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Hinrik Oliversson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 19. mars 2015 og gildir til 19. mars 2031.

Dagskrá eftirlitsins:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Löndun olíu og önnur áfylling á geyma
- Frárennsli
- Skráningar
- Eftirlitsmælingar
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Rekstraraðili sendi inn nýja úrbótaáætlun sem fól í sér að klæða ætti planið þar sem áfylling á bílana fer fram, í byrjun sumars 2024 og var hún samþykkt af stofnuninni. Áður en úrbæturnar fóru fram varð óhapp í stöðinni þegar tankurinn yfirfylltist og bik dreifðist um lóðina og nærliggjandi lóðir. Þrífir eftir yfirfyllinguna og lagfæring á frárennislögn klárðust sumarið 2025. Komið var fyrir nýjum brunni og nýjar lagnir lagðar að niðurfallinu. Þar sem áfyllingarplanið stendur innan lekavarnar olíubirgðastöðvarinnar uppfyllir planið kröfuna að vera olíuhelt áfyllingarplan og fráviki því lokað.

Frávik í eftirliti árið 2024 frá gr. 2.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að geymar yfirfyllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum. Bæði tækjabúnaður og verklagsreglur voru til staðar en nýttust ekki. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að unnið hafi verið að endurbótum á verklagi og reglum í samráði við öryggisstjóra og verkefnastjóra umhverfismála hjá Vegagerðinni. Gert sé ráð fyrir að endurskoðaðar verklagsreglur liggi fyrir í byrjun febrúar 2025. Þetta hefur hins vegar ekki verið framkvæmt og frávikið stendur því enn.

Frávik í eftirliti árið 2024 frá gr. 2.6 í starfsleyfi. Olíuúrgangur stendur í opnu íláti við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr því og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf ílátið og koma úrganginum til förgunar á móttökustöð. Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að um sé að ræða olíusmit og afgang úr viðgerðarmakbiki. Verklag um meðhöndlun á viðgerðarmalbiki hafi verið endurbætt til að fyrirbyggja að efnisúrgangur sé skilinn eftir. Rekstraraðili upplýsti þann 18. desember 2025 um að bambar með spilliefnum hafi verið fjarlægðir af svæðinu og fráviki því lokað.

Frávik í eftirliti árið 2024 frá gr. 2.6 í starfsleyfi. Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Skráningar um þjálfun eftirlitsmanna voru ekki til staðar og var rekstraraðila bent á að koma upp skráningarblöðum fyrir þjálfun starfsmanna. Í úrbótaáætlun segir að fræðsluskrá sé haldin af fræðslustjóra Vegagerðarinnar ásamt starfspróunaráætlun. Unnið sé að námskeiði um móttöku og afgreiðslu biks sem tilbúið verði þegar endurskoðaðar verklagsreglur og vinnulýsing fyrir biktankana verði gefnar út ásamt viðbótum í starfspróunaráætlun. Þessari vinnu er ekki lokið og því stendur frávikið opið.

Frávik í eftirliti árið 2024 frá viðauka I í rg. 884/2017. Olíugeymar og olíulagnir skulu merktar með auðkennum skv. töflu í viðauka I. Engar merkingar sáust, hvorki á geymunum né lögnunum. Í úrbótaáætlun kemur fram að drög að skilgreindum merkingum liggi fyrir og gert sé ráð fyrir að viðkomandi tankar verði merkir í janúar 2025. Rekstraraðili upplýsti þann 18. desember 2025 um að geymar hafi verið merktir og fráviki því lokað.

Ein eldri ábending var sett fram um frágang á lausamunum á lóð. Tiltekt hefur farið fram en ekki með fullnægjandi hætti. Talsvert er enn af bömbum og öðru rusli sem ekki á heima inni á lóðinni. Rekstraraðili hefur fjarlægt spilliefni, dælu og smárusl af lóðinni og fráviki því lokað.

Ein ábending var sett í eftirlitinu árið 2024 um að huga þurfi að frágangi á lóðinni að loknum framkvæmdum vegna hreinsunar eftir óhapp við löndun biks. Búið er að hreinsa eftir óhappið og ganga frá lóðinni.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðili fékk send fylgiskjöl í fundarboði varðandi kynningu á breyttu verklagi við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur.

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að á hverjum tíma hafa 910 rúmmetra af biki eða öðrum olíuefnum á lóðinni. Í eftirlitinu kom fram að rúmmálið af biki fer aldrei upp í nema u.þ.b. 830 þúsund lítra af biki. Lýsistankurinn er 55.000 lítrar og 9700 lítrar TPH er einnig geymt. Í heildina er því að hámarki tæpir 895 m³ af biki og olíuefnum á lóðinni.

4. Löndun olíu og önnur áfylling á geyma

Verklagsreglur um löndun á biki eru til staðar.

5. Frárennsli

Í starfsleyfi kemur fram að virkni olíuskilju skal yfirfarin á a.m.k sex mánaða fresti. Í eftirlitinu gat rekstraraðili ekki sýnt fram á að virkni olíuskiljunnar hafi verið yfirfarin. Samkvæmt rekstraraðila sér Olíudreifing um rekstur skiljunnar og að taka sýni úr henni. Að eftirlitinu loknu sendi rekstraraðili upplýsingar þess efnis að virkni skiljunnar hafi síðast verið yfirfarin 12. apríl 2023 sem er frávik.

6. Skráningar

Í eftirlitinu var farið yfir þær skráningar sem eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila samkvæmt gr. 3.1 í starfsleyfinu.

Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja sbr. gr. 2.4. Þessar upplýsingar eru ekki skráðar.

Magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu. Rekstraraðili tekur ekki á móti úrgangsolíu.

Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar. Þessar upplýsingar eru ekki skráðar.

Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Þessar upplýsingar eru ekki skráðar.

Skráð er frávik varðandi upplýsingar sem ekki eru skráðar skv. gr. 2.4.

7. Eftirlitsmælingar (3,2)

Samkvæmt gr. 3.2 í starfsleyfi skal rekstraraðili framkvæma mælingar á olíu í fráveituvatni þriðja hvert ár, niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki svarað hvenær var mælt síðast. Strímlapróf var framkvæmt 2023 svo lengra en það er síðan mæling var gerð sem er frávik.

8. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

9. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

10. Vettvangsferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Á svæðinu eru 13 bambar með úrgangi í sem þarf að fjarlægja af svæðinu þar sem samkvæmt reglugerð skulu engir óviðkomandi hlutir vera innan lekavarnar og er það því frávik.

Í vettvangsferðinni gat rekstraraðili ekki svarað fyrir það hvort undantöppunarlögnina í þrónni fyrir lífolúna væri opinn eða lokaður. Þar sem rekstraraðili gat ekki svarað fyrir það hvort lokinn væri lokaður er það það frávik.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.4 í starfsleyfi.	Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti. Virkni olíuskiljunnar var síðast yfirfarin árið 2023
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Skrá skal upplýsingar og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók og vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar eru ekki gerðar fyrir: a) Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja, b) Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar,
Gr. 8 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Engir óviðkomandi hlutir skulu vera innan lekavarnar. 13 bambar með úrgangi eru geymdir innan lekavarnarinnar.
Gr. 13 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Lokar á löndunarlögnum, undantöppunarlögnum og öðrum olíulögnum sem opnast út í mengunarvarnir í olíubirgðastöðvum skulu ávallt vera lokaðir og læstir þegar þeir eru ekki í notkun. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki svarað hvort lokinn væri opinn eða lokaður.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2025


Kristín Kröyer